

Miðvikudaginn 15. marz 1961.

Nr. 11/1961. Þorsteinn Thorarensen

(Sigurður Baldursson hrl.)

gegn

Gunnari Ásgeirssyni, Lárusi Ingimarssyni og
Matthíasi Guðmundssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1961 og krafist þess, að héraðsdómur og fjárnámsgerð verði staðfest og að stefndu verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað hér fyrir dómi.

Af hálfu stefndu hefur enginn komið fyrir dóm, og er þó löglega stefnt. Málið hefur því samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta hinar áfrýjuðu dómsathafnir.

Stefndu höfðu áfrýjað héraðsdómi af sinni hendi, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Að svo vöxnu máli, er rétt, að stefndu greiði in solidum áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði héraðsdómur og fjárnámsgerð staðfestast.

Stefndu, Gunnar Ásgeirsson, Lárus Ingimarsson og Matthías Guðmundsson, greiði in solidum áfrýjanda, Þorsteini Thorarensen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. október 1960, er höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. október 1960, af Þorsteini Thorarensen, Þórsgötu 17 A, Reykjavík, gegn Gunnari Ásgeirssyni, Laugavegi 138, Lárusi Ingimarssyni, Vitastíg 8 A, og Matthíasi Guðmundssyni, Nökkvavogi 40, öllum í Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð krónur 23.570.00, útgefins 30. júní 1960 af stefnda Lárusi vegna Lárusar Ingimarssonar, umboðs- og heildverzlunar, og samþykkt af stefnda Gunnari til greiðslu í Útvegsbankanum, hér í bæ, 3. september 1960, en á víxli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 6. september 1960, er útgefandi og stefndi Matthías áþekkingar.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 23.570.00, með 11% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 57.00 í stimpilgjald, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu Lárus og Matthías hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, að því er þá snertir, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með framsali til sín svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Stefndi Gunnar hefur sótt þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, og verða þær því teknar til greina. Málskostnaður ákveðst kr. 3.600.00.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Ásgeirsson, Lárus Ingimarsson og Matthías Guðmundsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Þorsteini Thorarensen, kr. 23.570.00 með 11% ársvöxtum frá 3. september 1960 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 57.00 í stimpilgjald, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og kr. 3.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 9. desember 1960.

Ár 1960, föstudaginn 9. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Vitastíg 8 A og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta, Hákonni H. Kristjánssyni, ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:
Málið nr. A-919/1960:

Þorsteinn Thorarensen
gegn

Matthíasi Guðmundssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 2043/1960, birtan, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Lúðvík Gizurarson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 23.570.00, 11% ársvöxtum frá 3/9 1960 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ í þóknun, kr. 57.00 í stimpilgjald, kr. 121.00 í afsagnarkostnað, endurrit og birtingu dóms, kr. 125.00, og málskostnaði, kr. 3.600.00, auk þess kostnaði við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli á hér heima, en er ekki viðstaddur. Af hálfu gerðarþola er mættur Lárus Ingimarsson og kveðst ekki greiða. Mættur Lárus óskar eftir að bókað sé, að búið sé að áfrýja í þessu máli.

Mættur Lúðvík óskar eftir að fjárnámið fari fram, þar sem kröfuhafa hafi ekki verið birt áfrýjunarstefna.

Rétturinn var nú fluttur að Nökkvavogi 40. Gerðarþoli var þar ekki staddur, en af hans hálfu mætir Júlíus Sigurðsson, sem þar er staddur.

Fógeti lýsti nú yfir fjárnámi í eignarhluta Matthíasar Guðmundssonar í húseigninni Nökkvavogi 40 og skýrði þýðingu þess fyrir mættum.

Mánudaginn 20. marz 1961.

Nr. 83/1960. **Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Trolle & Rothe h/f f. h. eigenda v/s Walburg og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Farmsamningur. Ábyrgð farmflytjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1960. Krefst hann sýknu af kröfum gagn-